

**Örnefnaskrá**  
**Kalmanstungu í Hvítársíðu.**  
**endurskoðuð 2001 á vegum Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum.**

Örnefnaskráin er upphaflega gerð af **Ara Gíslasyni**, kennara og fræðimanni, eftir forsögn **Kristófers Ólafssonar**, bónda í Kalmanstungu, sem þar var fæddur og uppalinn og ól þar mestallan aldur sinn, bóndi frá 1930 til 1972, ásamt bróður sínum, **Stefáni**. Faðir þeirra og afi bjuggu þar samfelld frá 1858 og má því vænta allsterkrar örnefnafestu. Nú búa hér synir þeirra bræðra, **Ólafur Kristófersson** og **Kalman Stefánsson** og hafa verið með í ráðum við endurskoðun þessa.

Jörðin er innsta jörð í sveitinni og þar með í héraðinu, síðust í boðleið eftir að Húsafell var fært til Hálsasveitar um miðja 19. öld. Landnáma telur hér aðra af tveimur landnámsjörðum í Hvítársíðu, en bæjarins er víðar getið í fornsögum og Sturlungu. Bærinn var í þjóðbraut meðan farin var Tvídægja (Núpdælagötur) og Arnarvatnsheiði (um Grímstunguheiði eða Stórasand) og áfram suður Kaldadal eða niður sunnan Hvítár

Jörðin er í eign Skálholtskirkju 1709, en var seld með öðrum stólsjörðum 1792 og komst þá í einkaeign. Kirkja var hér frá því fyrir 1200, en var lögð niður sem sóknar-kirkja 1605 en aftekin endanlega með konungsbréfi 1812. Bæirnir Þorvaldsstaðir og Fljótstunga eru taldir hafa átt hingað kirkjusókn.

Land jarðarinnar er víðáttumikið, en ekki liggja fyrir áreiðanlegar tölur um stærð þess, en hún skiptir hundruðum ferkílómetra. Áður var það þó miklu stærra, því sá hluti þess, sem lá norðan Norðlingafljóts og austan Reykár var seldur í tveimur áföngum, fyrir og eftir síðustu aldamót, er í eigu Reykdælinga og Hálsuveitinga og nýtt sem afréttur og til silungsveiði. Örnefnaskráin tekur aðeins til núverandi lands jarðarinnar. Henni var skipt í tvö lögbýli um 1930, en þó er meirihluti lands sameign býlanna. Örnefnaskráin er því ein fyrir bæði býlin, eins og eitt væri.

Landi hagar svo í stórum dráttum: Neðsti (vestasti) hlutinn er Tungan, sem liggur á milli Hvítár að sunnan og Norðlingafljóts að norðan og falla þau saman sunnan við bláendann á Tungunni. Tunga er líparítfjall með skriðum, en bröttum skógarhlíðum, einkum móti suðri, en báðum megin undirlendi milli fjalls og fljóta austan til, styttra en breiðara og grösugra að norðanverðu, þar sem eru víðáttumiklar engjar á sléttum grundum. Þá er lægri háls með

mýrasundum og holtum og stendur bærinn sunnan undir honum og túnin á flatlendi, sem er milli hálsins og Hvítár. Hálsinn hækkar svo austan bæjar og rís þar móbergsfjallið Strútur, 938 mys., gróinn í undirhlíðum, en lítið gróinn er hærra dregur. Austan og norðan Strúts er Hallmundarhraun, komið úr gígum austur við norðurenda Langjökuls og þekur þar víðáttumikið flatlendi, sandorpið norðan jökla, en gróðurvinjar í jöðrum og hraunlaus jökulruðningslangás, Þorvaldsháls, milli hrauns og Norðlingafljóts á löngum kafla. Eiríksjökull, 1675 mys., hæstur fjalla í lands-hlutanum, rís upp úr hraun- og sandbreiðunni austan Strúts, en austan hans, að Lang-jökli, er Jökulkrókur, víðáttumikið svæði þakið hrauni og sandi.

Land Kalmanstungu I. er Tungan og hálsinn norðan við bæinn að vestan. Land Kalmanstungu II. er frá bæ austur að girðingu, sem liggur milli ána, þvert yfir Strútinn vestanverðan. Land austan girðingar er sameign jarðanna.

Að Kalmanstungulandi liggur að sunnanverðu jaðar Langjökuls austast, en þá Geitland og Húsafellsland, sunnan Hvítár. Handan Norðlingafljóts er neðst Gilsbakka-land, þá Fljótstunguland og þaðan hið forna, en selda Kalmanstunguland, að Langjökli.

**I. Örnefni í heimatúni Kalmanstungu I, neðan heimreiðar og austan þjóðvegur og áfram neðan túns innan sömu marka.**

**1. Bæjarlækur ( 1.B Lækurinn)** kemur ofan úr *Strút* og fellur niður rétt vestan við bæjarvegginn, gegnum túnið og áfram niður flatlendið og í Hvítá fram af barði eða lágri gróinni hraunbrún. Farvegi hans var lítillaga breytt þar neðan við túnið á fyrri hluta 20. aldar. Hætti hann þá um sinn að ná í ána ofanjarðar, en hvarf ofan í hraunið.

**2. Lækjarbakki** er lágur bakki með læknum að austanverðu, sunnan við bæ (sunnan við *Hólinn*). Allhátt vallendisbarð var frá bakkanum upp á jafnsléttu túnsins. Það hefur nú verið lækkað og flatt út og bakkinn gerður að túni samfelldu við hitt.

**3. Neðri-Lækjarbakki** er önnur álíka bakkafit sömu megin, litlu neðar (niður undir túngirðingu).

**4. Kirkjuvöllur (4.B Húsatún 4.C Bílatún** eru nöfn, sem nú eru fremur notuð um svæðið) er efst í túni, neðan við *Kirkjubrekku* en ofan og austan bæjar- og penings-húsa og norðan og vestan hinnar fornu kirkjurústar og grafreits.

**5. Kirkjugarður** er hið forna kirkju- og kirkjugarðsstæði, beint austur af penings-húsum Kalmanstungu I. Vel sást fyrir kirkjutóft og kirkjugarðsveggjum að hluta til, þar til sléttað var yfir hvorttveggja eftir seinni heimsstyrjöld. Þar voru fornir legsteinar, og munu hafa verið fluttir í Þjóðminjasafnið syðra, þegar sléttað var yfir. Vísu hef ég (M.S.) lengi kunnað, sem mér var sagt að letruð væri á stein í garðinum, svona:

Eilífur Eilífsson  
í upprisu dýrðarvon  
sjö sinnum sólu fegri,  
í sælu ævinlegri.

**6. Hóllinn (6.B. Bæjarhóll)** er fyrir sunnan núverandi íbúðarhús og garða. Þar var gamla bæjarstæðið, áður en steinhús var byggt 1905.

**7. Niðurtún** er túnið neðan við Hól, allt að girðingu.

**8. Hesthúsvöllur** er túnið vestan við lækinn, milli hans og vegarins.

**9. Hesthúshóll** er efst á Hesthúsvelli, neðan við heimreiðina. Þar stóð til skamms tíma hesthús og hlaða úr torfi. Leifar af fleiri torfhúsum voru neðar á vellinum fram um miðja öldina.

**10. Brattihóll** er hólbarð við lækinn á Hesthúsvelli, aðeins ofar en á móti íbúðar-húsinu.

**11. Mói** heitir flatneskja neðan við túnið austan vegar, var áður smápýfi báðum megin lækjar, en þegar læknum var breytt eins og áður segir var hann látinn renna suður á móann. Hefur þýfið sléttast við það þar sem lækurinn bar fram á hann og orðið að sléttri grund. Mói nær austur með túni Kalmanstungu II, austur að *Kalmanshól*.

**12. Litli geitakofi**, rúst af geitakofa rétt vestan við lækinn, efst í *Lambabæli*.

**13. Lambabæli** er lítið skógarnef á hrauni neðan við Móa, niður að ánni. Rúst sér þar fyrir, sem talin er vera af stekk.

**14. Hvítá** myndast austur undir *Eiríksjökli* af giljalækjum frá Langjökli og uppsprettum frá hrauninu og rennur meðfram landi jarðarinnar frá Hafragili og niður úr.

**15. Lambhylur** er í Hvítá niður af túni Kalmanstungu I. austast. Þar segir munnmælasögnin að Kalman, landnámsmaður í Kalmanstungu hafi druknað í ánni, er hann var að finna frillu sína, sem hefur þá líklega átt heima í Geitlandi eða annarsstaðar sunnan ár.

**II. Örnefni vestan þjóðvegjar austan Tungu og Fálkakletts að Skollhól.**

**16. Mundasund (16.B Sundin)** eru mýrasund vestur frá bæ, sunnan við *Fálkaklett*. Nafnið Mundasund ekki lengur notað í daglegu tali. Þau greinast í

**17. Utastasund, (17. B Ytrasund** er það fremur nefnt nú).

**18. Miðsund**

**19. Heimastasund.**

**20. Sundabrún** ber við loft heiman frá bæ, þar sem mætast Miðsund og Heimastasund

**21. Engjalækur** dregst saman úr Sundunum, (Mundasundum), sunnan við Fálkaklett, og mýrahöllum, sem nú eru orðin að túni og rennur austur á milli þessara túna samhliða þjóðveginum og sunnan hans og sameinast bæjarlæknum neðan við gamla heimatúnið.

**22. Engjalækjartún** er báðum megin Engjalækjar, sá hluti túna þar, sem fjærst er bæ. Það skiptist um lækinn í

**23. Norðurbakka** og

**24. Suðurbakka.**

**25. Sigurðarstekkur** er lítill gras- og lynghvammur í nyrðri bakka Engjalækjar, neðan við Norðurbakkatúnið. Þar eru ekki sjáanlegar rústir.

**26. Vínartún** er neðsti hluti túnsins fyrir norðan Engjalæk, kennt við hesthús, sem kallað var Vín og stóð þar nálægt horninu, þar sem vegurinn beygir niður vestan Bæjarlækjar. Það var byggt þar úr torfi og grjóti ca. 1936, en er nú jafnað við jörðu fyrir allöngu.

**27. Ytra-Vínartún** er sá hluti Vínartúns sem er ofan (vestan) við þverskurð, sem liggur í lækinn.

**28. Sandhorn (28. B Horn)** er hallinn sunnan við Engjalæk efst, upp að *Sandinum*.

**29. Mýri**, framhald Sandhorns til suðausturs, nú orðin að túni. Túnsplidurnar hafa nöfn:

**30. Langamýri** suðvestan við heimri hluta Suðurbakka.

**31. Litlamýri** er túnblettur, aflagður sem tún um sinn, suðvestan við Löngumýri ofantil.

**32. Breiðamýri**, framhald Litlumýrar niður með Löngumýri að suðvestan.

**33. Hvítamelsgil** kemur niður hallann sunnan við Mýri, ofan úr *Svartahvammi*, lítill lækur, sem kemst varla nema niður á jafnsléttu og hverfur þar í melinn, dálítið vatn í leysingum.

**34. Hvítimelur** er melskriða fram úr Hvítamelsgilinu. Hefur verið notaður sem ofaníburðarnáma.

**35. Milli gilja**, landið milli Hvítamelsgils og *Nauthagagils*, (**niður** á milli gilja neðan við hlíðina, sjá ennfremur síðar "**Upp** á milli gilja")

**36. Nauthagagil (36.B. Nautvakagil** aldrei notað, ef til vill afbökun eða skýringartilgáta) kemur ofan Hlíðina norðan við *Nónborg* úr nafnlausum grashvammi sunnan við *Svartahvamm*. Svipuð lækjarsitra og Hvítamelsgil

**37. Hlíðin** er brött hlíð, sem tekur við sunnan við Nauthagagil og nær að *Bunulæk*. Hún er vaxin þéttum skógi. Hér tekur brekkan að snúa meir móti suðaustri og síðar suðri.

**38. Eyrarnar** eru láglandið meðfram Hlíðinni, frá Hvítamel að *Skollhól*, sendið vallendi, og smálækka niður með Hlíðinni og að árfarveginum, sem vatni hefur nú verið veitt úr þarna.

**39. Runni**, stór stakur runni á Eyrunum, alveg við gömlu götuna ármegin, heiman við Nauthagagil. Hefur gengið úr sér í seinni tíð.

**40. Jarðfall**, moldargróf eða vatnsgrafningur neðst á Eyrum, við gamla Hvítárfarveginn. Þar fellur lækurinn úr Nauthagagili þegar vatn er í því. (Önnur svipuð gróf er litlu austar, stundum líka nefnd Jarðfall).

*Tungan* í Kalmanstungu (sjá inngang) má segja að sé milli Hvítár og Norðlingafljóts neðan þjóðvegjar, fjallið og sléttlendisræmur milli þess og áanna. Þó eru örnefni, sem hér eru talin í spildu **II.** varla talin í Tungunni, þó að þau séu í rauninni í austurenda hennar. Ennfremur teljast Norðurengjarnar og Engjahrennið, sléttlendið norðan fjallsins austantil, ekki í Tungunni í daglegu tali. Hér verður örnefnum í Tungunni sjálfri lýst í þremur spildum, **III., IV.** og **V.** og flatlendið neðan vegar norðan Tungu tekið með í **V.**

### **III. Örnefni á láglandi meðfram Hvítá.**

**41. Tunga** er skv framansögðu líparítfjallið litfagra með bröttum skógarhlíðum, en einnig flatlendið sunnan undir því. (Hér fylgi ég þeirri reglu að tölusetja örnefni jafnan í þeirri spildu, sem þau koma fyrst fyrir í, jafnvel þó stærri hluti þeirra sé í annari spildu). Í tali manna útfrá er að sjálfsgöðu oftast átt við fjallið. Hér er rétt að taka það skýrt fram, að nafnið *Tungufell*, sem sumir eru að bera við að nota um Tunguna, er einhver tilbúningur ókunnugra, og mun fyrst hafa skotið upp fyrir hreinan misskilning í ritgerð eftir Pálma Hannesson um þetta umhverfi. Í nágreininu kannast enginn við það).

**42. Skollhóll** er allhár gróinn klapparhóll eða höfði, laus frá Tungunni, rétt við veginn á hægri hönd, þegar farið er frá bæ niður að brúnni á Hvítá og að Húsafelli. Þar enda Eyrarnar og Hlíðin litlu vestar. Hvítá rann rétt við hólinn áður en henni var veitt frá vegna vegagerðar fyrir þemur til fjórum áratugum. Enn fyrir lá gatan um skógarsund milli hólsins og fjallshlíðarinnar. Skollhóll var notaður fyrir viðmiðun í hinu forna þjóðleikakerfi um landið, þannig, að þaðan var talið jafnlangt, ein þingmannaleið, að Búðará við Arnarvatn stóra, á Hofmannafliót í Þingvallasveit, Mannamótsfliót við Hestháls og Hestaþingseyrar. við Norðurá. Uppi á hólum norðan í er kofarúst.

**43. Milli Hóls og Borga**, sundið milli Skollhóls og Hlíðar, þar sem gatan lá lengi vel. Einkum í sambandinu "að fara milli Hóls og Borga".

**44. Tungutún (44B.Bletturinn 44C.Bjarkargilstún)** er túnspilda, ræktuð á valllendisgrund fram undan þar sem sumarhús (Bjarkargil) stendur upp í hlíðarrótunum vestan við Skollhól.

**45. Brenna** er leifar af fornu eyðibýli í hlíðarrótinni fram undan *Skágili*, nokkuð vestan við Blettinn. Gilið hefur borið skriðu yfir húsarústir og túnblettinn, en þó sést vel fyrir

túngarðsrúst. Girtur túnblettur var sleginn árlega, fram um miðja 20. öld (vél-tækur að nokkru). Tún nú aflagt og girðing fjarlægð. Brennu er getið í Landnámu, sem aðseturs frænda Kalmans, og segir að Kári Kýlansson væri brenndur þar inni. Hefur arfsögnin talið það vera á þessum stað. 1709 er tún sagt komið í skriðu og ekki talið hafa verið byggt í 100 ár og býlið nytjað frá Kalmanstungu, enda verið hjáleiga þaðan.

**46. Geitakofi(nn)** er rúst af geitakofa, ásamt hlöðukríli, sem byggður var í búskapartíð Ólafs Stefánssonar, um 1920, en hann átti nokkrar geitur um árabíl. Kofinn er byggður í túngarðsendanum í Brennu, trúlega úr efni úr garðinum. Þar munu geiturnar hafa legið við opið.

**47. Flati** er flatt land, (uppgróið hraun), mói og skógarrunnar meðfram hlíðinni (milli hennar og *Hvítárfarvegarins*) framan frá Tungutúni og niður undir *Tæpugötu*.

**48. Hvítárfarvegur (48.B. Farvegurinn)** er á merkjum Kalmanstungu gagnvart Geitlandi, farvegur Hvítár sem henni var veitt úr (og í Geitá mun austar en áður) til að sameina árnar undir brú. Þetta mun hafa verið gert litlu fyrir 1930. Við þetta fluttist alllög meltota, Sveltið, neðsti oddi Geitlands, norður fyrir ána. Sveltið liggur samhliða Flata, en nær mun lengra niðureftir. Á því var um skeið flugvöllur. Þaðan er brú á Hvítá/Geitá í Húsafellsskóg. Við *Tæpugötu* liggur Farvegurinn fast upp að hlíðinni. Þar var undirlendið því sundurslitið, meðan áin lá í Farveginum.

**49. Toppsflöt**, lítill harðbakkur alveg neðan við *Tæpugötu*, þar sem Farvegurinn beygir frá hlíðinni. Nafnið er til komið af því að þar féll hesturinn Toppur dauður niður þegar verið var að láta upp á hríslestina, snemma á 20. öldinni.

**50. Klettsflöt** er grasflöt og stór klettur neðst í henni, rétt fyrir neðan Toppsflöt. Milli Toppsflatar og Klettsflatar er rúst af varðkofa frá kláðaverðinum á 19. öld.

**51. Skessukatlar** eru djúpir katlar í farveginum norður af hrauni, sem er neðst í Sveltinu, sorfnir af vatni og grjóti niður í klapparbotn farvegarins, merkileg náttúru-smíð, sem sést vel síðan farvegurinn varð þurr.

**52. Kolakjallarinn** er dýpsti skessuketillinn kallaður.

**53. Litlatunga** er láglandi vaxið skógi, er tekur við neðan við hin fornu ármót. Þetta nafn er nú lítt notað en kemur fyrir í Landnámu og lifir í nöfnunum Litlutunguvað, sem er á ánni aðeins austan við Farveg, og Litlutungugata, sem liggur sunnan um Húsafellsskóg að vaðinu.

**54. Hólar** er það nafn, sem nú er notað um það svæði, sem áður var kallað Litlatunga og áfram niður undir *Hlöðugil*. (Fjánhúshólar munu áður hafa verið kallaðir næst fjárhúsinu á *Bjarnastöðum*).

**55. Bjarnastaðir** eru fornt eyðibýli í Litlutungu, skammt neðan við Farveginn. Það er nefnt í Landnámu, en sagt fornt eyðibýli 1709. Þar er talinn hafa verið kirkjustaður og grafreitir. Þar er nú uppblásið rjóður í skóginn, vegna nálægðar við ána, og fundust þar til skamms tíma mannabein í sandinum, en torfundin munu þau nú orðin. Síðar hefur verið byggt fjárhús á rústum Bjarnastaða og er rúst af því greinileg. Líklegt er að efni úr bæjarrúst hafi verið notað í fjárhúsið. Sést fyrir túngarðsleifum.

**56. Fjárhúslág** er alldjúp lág niður með hliðinni og afmarkar Litlutungu, líkist farvegi, en kann eins að vera hrauntröð eða þvíumlíkt, því hraunið undir Húsafellsskógi nær hér að fjallsrótum. Dregur væntanlega nafn af fjárhúsinu á Bjarnastöðum. Hún byrjar fram undir Sveltinu, og opnast að ánni talsvert miklu neðar, en ekki hefur vatn getað runnið til hennar úr Farveginum, eins og afstaða er nú. (Það er því líklega misskilningur upphaflegs örnefnaskrásetjara, að Litlatunga sé hluti Geitlands. Það hefur naumast verið á sögulegum tíma, þó að Landnáma telji svo).

**57. Stokkar** heitir farvegur árinna, af og til allt frá brúnni sem fyrir er nefnd og niður undir *Hestavað*. Þetta má fremur kallast grunnur klettafarvegur, en að hægt sé að kalla það gljúfur, nema þá á stöku bletti, og slitnar t.d. um Litlutunguvaðið austan við Farveginn. Leifar brúarstöpla úr steinsteypu eru skammt neðan við Farveginn. Þar var ætlunin að gera göngubrú á ána snemma á 20. öld, en áin mun hafa skemmt syðri stöpulinn ófullgerðan. (Einhversstaðar á Stokkunum hafði verið kallað Snorrahláup, kennt við Snorra Björnsson prest á Húsafelli, en óljóst er hvar, eða hvort það er fyrir Kalmanstungulandi og er því sleppt hér).

**58. Fjárhellir(inn), (58.B Hellirinn)**, gamall fjárhellir alveg við ána, nú að mestu leyti hruninn. Líklega hefur hann síðast verið notaður 1897, þegar landnámsmenn í Bugakoti (Fljótsbakka) gáfust upp á búskap á útmánuðum, vegna þess að heyin fóru í svell og eyðilögðust. Þá kom Sveinn Halldórsson með kindur þeirra ofan að Kalmans-tungu og hafði þær við hellinn og hélt þeim þar til beitar um daga, en gisti á Húsafelli.

**59. Hestavað** er á ánni neðan við *Hlöðugil*, litlu ofar en láglandi þrýtur með suðurhliðinni. Þar var farið yfir í Húsafellsskóg. Vaðið þótti misgott, þ.e. breytti nokkuð botnlagi frá einum tíma til annars. (Heimild K.P., Húsafelli).

#### **IV. Örnefni í suðurhliðum Tungunnar, allt að háhrygg.**

Byrjað austanfrá, á hlið við svæði III. Ýmis örnefni uppi á háfjallinu ná að sjálfsögðu norður yfir háhrygg.

**60. Sandur** er hákollurinn sem blasir við VSV frá bænum, austurendi fjallsins, gróðurlaus hæð.

**61. Upp á milli gilja** er hallinn milli Hvítamelsgils og Nauthagagils ofantil og allt upp á milli Sands og *Nónborgar*.

**62. Nónborg** er hnúkur sunnan við Sand og Nauthagagil. Er eyktarmark frá Kalmanstungu.

**63. Litlaborg (63.B.Syðriborg)** er annar hnúkur eða borg upp af Hlíðinni, skammt sunnan við Nónborg.

**64. Borgaskarð** er milli borganna.

**65. Slakki** er dældin vestan við borgirnar. Úr honum hallar vatni til suðurs og suðvesturs, (*Bunulækur* og *Skágil*).

**66. Svartihvammur** er grashvammur vestan við Sand. Úr honum kemur Hvítamelsgil og rennur austur.

**67. Bunulækur (67.B Bjarkargil)** er lítill lækur í bröttu gili og kemur ofan úr Slakka austast. Við gilið eru sumarhúsin Bjarkargil, sem Knud Zimsen reisti upphaflega 1940.

**68. Slakkabrenna.** er skógarhlíðin vestan við Bjarkargil að *Skágili*.

**69. Skágil** kemur ofan úr Slakka og skásker hlíðina til suðvesturs niður hjá Geitakofa.

**70. Háabrenna** er háa skógarhlíðin vestan við Skágil.

**71. Háubrennugil** er stórt skriðugil vestan við Háubrennu.

**72. Brennuskarð** er lægð upp og norðaustur af Háubrennugili og nær þvert yfir í *Krókgilsbotna* austan við *Hátungu*.

**73. Hátunga** er hákollur fjallsins, nokkru vestar en upp af Háubrennu, 445 mys.

**74. Sneiðingar** eru lymbrekkur suðvestan og vestan í Hátungunni og landið við rætur þeirra. Talað er um "að fara yfir á Sneiðingunum" og er þá átt við að menn eða skepnur fari þar yfir Tunguna með brekkurótunum.

**75. Bót** er, skv eldri skrá, skógarhlíðin næst fyrir vestan Háubrennugil. (Ekki lengur notað um þetta svæði sérstaklega).

(Hér er rétt að skjóta inn skýringu. Tungan er líparítfjall, ber melur ofantil, og gleypir í sig vatn, sem á hana kemur, þannig að úr henni fellur nær ekkert vatn ofanjarðar. Suðurhlíð hennar er brött og mikið skógivaxin lengra eða skemmra upp eftir. Smærri og stærri skriðugil, yfirleitt vatnslaus nema í vorleysingum, skipta hlíðinni í skógarspildur, sem mörg eru kölluð "bætur". Eða m.ö.o.: "Bót" er skógarspilda í hlíðinni, sem afmarkast á langveg hlíðarinnar af giljum eða skriðum).

**76. Tæpagata** hefur áður verið nefnd og er gata á bröttu kasti alveg við Farveginn, þar sem áin féll áður fast upp að brekkurótinni. Báðum megin Tæpugötu eru litlar skógarbætur,



sem kallaðar eru "bæturnar fyrir framan Tæpugötu" og "bæturnar fyrir neðan Tæpugötu". Tvímælis orkar að skrá það sem örnefni.

**77. Fjánhúsbót** tekur við vestan við bæturnar neðan við Tæpugötu, upp af Fjánhúslág og Litlutungu. Dregur væntanlega, eins og láginn, nafn af fjárhúsinu á Bjarnastaðarústum.

**78. Valdabót** er næst vestan við Fjánhúsbót, upp af Fjánhúslág neðst. Þar nær skógurinn skemmra upp, eða melurinn lengra niður en í hinum bótunum.

**79. Valdagil** er neðan við Valdabót. Örnefnið ekki notað lengur.

**80. Hellisbót** er næst Valdabót.

**81. Hellisgil** grunnt gildrag í skógarhlíðinni og skiptir henni í Hellisbót, austan við sig, og

**82. Hlöðugilsbót** að vestan, sem nær að

**83. Hlöðugili.** Það er mest þessara gilja, greinist í tvær kvíslar þegar kemur upp í skóginn. Kemur á jafnsléttu aðeins austan við Hestavað.

(Hellisgilsnafnið er nú lítt eða ekki notað og sama má segja um Hlöðugilsbót og er bótin oftast kölluð Hellisbót allt að Hlöðugili).

**84. Hlöðugilsbotnar** er dæld uppi, sem Hlöðugilið kemur úr.

**85. Kastbót** er neðan við Hlöðugil, neðsta bótin í suðurhlíðinni. Þar er undirlendi með öllu þrotið og áin fellur fast við hlíðarrætur.

**86. Smalaklettur** er ofarlega í Kastbót, skammt neðan (vestan) við Hlöðugil. Þetta nafn er nýlega farið að festast við klettinn.

**87. Kastið** er hátt og snarbratt skriðukast ofan í ána, í eða undir Kastbót.

**88. Þjófaborg** er há og áberandi klettaborg á *Tungusporðinum* upp af Kasti, í hallanum niður að enda fjallsins.

**89. Tungusporður** er oddinn milli Hvítár og *Norðlingafljóts*, en þau koma saman fast við fjallsendann og snarbratt ofan í bæði á þeim slóðum. Nær að *Þjófagili* Fljótsmegin og upp fyrir Þjófaborgina. Sporðurinn er mjög vaxinn skógi. (Á Gilsbakka, sem á land í hrauninu á móti Tungunni neðan til, er jafnan talað um *Tunguendann*, ekki endilega sem það sama og Tungusporðinn. Er það fyrst og fremst notað sem viðmiðun um eitthvað Gilsbakkamegin Fljóts, t.d. "kindurnar voru á móts við Tunguendann - eða við Tunguendann". Þetta nafn er ekki til í Kalmanstungu og töluset ég það því ekki í þessari skrá, nefni það til gamans).

**V. Örnefni norðan í Tungu og norðan hennar, austur að Þjóðvegi.**

**90. Norðlingafljót, (90.B Fljótið 90.C Suðurfljótið)** kemur austan úr Fljótadrögum norðan Langjökuls og af sunnanverðri Arnarvatnsheiði og fellur nú á merkjum

Kalmanstungulands allt frá *Reyká* þar til það sameinast Hvítá við Tungusporðinn. (Nafnið Suðurlfjót er aldrei notað í Kalmanstungu, en var nokkuð tíðkað á öllum Krókbæjum, líklega þó einkum í Fljótstungu, og þá sem samanburður við Litlafljótið, sem þar er norðan við bæ og landareign, en Norðlingafljót að sunnan).

**91. Þjófagil** er djúpt skriðugil er liggur ofan í Fljótið, norðan við Tungusporð og Þjófaborg. Tilgáta er að gilið og borgin dragi nafn af aftöku þjófa. Engin sögn er til um slíkt svo vitað sé.

**92. Rauðukúluskógur** er skógarbót við Fljótið innan við Þjófagil.

**93. Rauðakúla** er fell, með bleikrauðri skriðuhlíð að fljótinu og nær frá Þjófagili að *Smiðjuássenda*. Skriðan er skóglaus að mestu og slétt á að líta og brött að fljótinu, en lágir klettar neðan við og næst því. Af háhrygg Rauðukúlu er hallalítið upp að Sneiðingum. Af afstöðu má telja víst, að þetta sé *Skriða* sú sem nefnd er í fornum bréfum.

**94. Smiðjuás** er allhár skógivaxinn tunguhryggur meðfram fljótinu austan Rauðukúlu og er víðast bratt ofan í fljótið, klöpp eða skriðuköst, ekkert undirlendi. Af afstöðulýsingu má ætla, að þetta sé *Seljatunga* sú, sem nefnd er á fornum bréfum, enda er Háahraun hér á móti, en það örnefni lifir góðu lífi. Hitt er mönnum illskiljanlegt, að hér hafi verið haft í seli, því hvorki er hér líklegt að verið hafi hentugt beitiland málnytupeningi, né gott að gæta hans, því skógurinn er hér nálægur, en hann forðuðust menn ekki sízt þegar efnt var til selja og reyndu að komast upp fyrir skóginn með seljafénað. Fremur mætti geta þess til að hér hafi verið beitarhús og vetrarsel í þeim skilningi, en ekki mun það stutt neinum þekktum minjum. Nafnið Smiðjuás styðst ekki heldur við neinar slíkar minjar. Þó að hér hafi verið gnægð eldiviðar til rauðablásturs, er æðilangt í rauðamýri, skemmst heim undir Kalmanstungu eða upp í Hallkels-staðaflóa og í báðum tilvikum nærtækari eldiviður annarsstaðar en í Smiðjuásnum. Auk þess má ætla að handhægara hafi verið að flytja hrís en mýrarauda og smiðja því sett nær mýrinni.

**95. Smiðjuásgil** er grunnt en nokkuð langt gil, sem klýfur Smiðjuásinn frá aðalfjallinu og liggur ekki þvert í hlíðina eins og flest gilin, heldur meira samhliða fljótinu.

**96. Smiðjuássfoss** er í fljótinu neðarlega undan Smiðjuás.

**97. Giljahlið**, hallinn norðan í sunnan Smiðjuásgils, milli Rauðukúlu og Sneiðinga. Nýtt örnefni.

**98. Norðurkast** er austast við Smiðjuás, eða etv. öllu heldur norðausturkampur hans, hátt og bratt skriðu- og klapparkast við fljótið.

**99. Norðurkastsgil** er austan við Norðurkastið, tvær kvíslar ofanað, en sameinast í víðu skriðugili niður að fljótinu. Milli þeirra er hátt og bratt nef og liggur þar sniðgata eða einstigi

upp úr eystri gilkvíslinni upp nefið. Er það eina leiðin með hesta upp af neðanverðu flatlendinu norðan Tungu upp á hana. Gilið er áberandi þegar horft er á Tunguna norðanfrá, mikil skriðuskál. Líklegt er að hér sé *Norðurklif* það sem nefnt er í fornbréfum. Eystri kvísl gilsins beygir austur uppi og teygist alllangt í þá átt, bak við *Hrafnakletta*, nær *Hrafnagilsbotnum*. Er skriðugil þar, ekki kletta.

**100. Fölöld** kallast klettur eða klettur ofan við Smiðjuás, norðan Sneiðinga. Þetta örnefni er þó ekki notað í Kalmanstungu og kann að vera eingöngu notað frá Hallkelsstöðum, þar sem þetta blasir við. Í Kalmanstungu er þetta kennileiti í seinni tíð gjarnan kallað

**100.B. Kanínuklettur** (vegna lögunar) og þekkir yngra fólk hann með því nafni.

**101. Grænihvammur 101. B. Rjúpnahvammur** lynggróinn hvammur uppi sunnan Norðurkastsgils, norðvestan í Hátungu..

(Austan við Norðurkast rennur Fljótið fjær fjallsrótum og verður þar allbreitt undirlendi milli þeirra og fljótsins, hraun neðst, framan við Norðurkast, en síðan víðar vallendisgrundir. Í brún fjallsins, ofarlega í brattri hlíð er hinsvegar langt klettabelti, norðan Hátungu).

**102. Hrafnaklettur** heitir klettabeltið, sem hér var nefnt.

**103. Hrafnagil** er stórt gil austan við Hrafnakletta norður af Hátungu. Kemur úr SV.

**104. Hrafnagilsbotnar** eru norðvestan í Hátungu þar sem Hrafnagil dregst saman.

**105. Hestagil** er nokkru austar en Hrafnagil, klettalaust á milli þeirra.

**106. Krókgilsklettur** eru austan við Hestagil, í svipaðri hæð og Hrafnaklettur.

**107. Krókgil** er skriðugil, sem kemur ofan austan Krókgilskletta, en vestan *Fálkakletts*.

**108. Krókgilsbotnar**, hallandi gróðurdrög upp og vestur af Krókgili, norðaustan Hátungu.

**109. Fálkaklettur**, hár hnúkur, laus frá aðalfjallinu, suðaustan við brúna á Fljótinu og veginn frá henni. (Munda)sundin eru milli Fálkakletts og Tungunnar.

**110. Engjahraun** er neðst á flatlendinu norðan við Tungu en austan Norðurkast.

**111. Engjahraungreni** er stórt tófugreni í miðjum suðurjaðri Engjahrauns.

**112. Norðurengjar (112.B Engjar 112.C Kalmanstunguengjar** í tali afbæjar-manna) eru víðáttumiklar vallendisgrundir milli Fljóts og Tungu austan Engjahrauns. Lætur nærri að þær byrji á móts við Hrafnakletta austast. Engjarnar eru einnig austan vegar og því að hluta til í næstu örnefnaspildu.

**113. Niðurengjar** sá hluti Engja sem er neðan *Hraungarða* (þjóðvegur)

**114. Þinghóll** er malarhóll á Engjunum við brekkurætur milli Hrafnagils og Hestagils. Talinn hafa nafn af hrafnþingum.

**115. Síki** (flt.) er djúpur gróinn farvegur, sem hlykkjast um Engjarnar fram undan Hestagili og víðar og opnast út að Fljótinu móts við Hrafnagilið eða því nær. Þar heitir

116. Síkiskjafur.

**117. Síkiskjafsvað** er á Fljótinu við Síkiskjafinn.

**118. Breiðaland** er meginbolur Engjanna með Fljótinu austan við Síki, að þjóðvegi.

**119. Snasavað (119.B Lambhólma)** er vað á Fljótinu á Breiðalandi, undan Snasa, sem er örnefni í landi Fljótstungu handan Fljóts, austan við Lambhólma í sömu landareign.

**120. Hraungarðar** eru hraunbríkur við Fljótið rétt við brúna og liggur vegurinn yfir þá austanverða, en sá hlutinn, sem sundurdráttarrétt var í, er þó austan við veginn. Þar mun hafa verið réttað fénaði af Arnarvatnsheiði áður en Fljótstungurétt var byggð. *Tunguréttir* eru nefndar í fjallskilatilskipun Ólafs Stephensen, og talið að þær séu þetta. Hér var rekið að fé í heimalandssmölun vor og haust, allt fram yfir 1940. Frálausir dilkar virðast hafa verið amk. norður með bungunni austan vegar, etv. víðar, en eru löngu aflagðir.

**121. Náttthagar** eru tveir, annar milli hraunbríkkanna vestan við veginn, og eru hleðslur um þvera spilduna milli þeirra; hinn austan vegar og hefur Fljótið brotið sig drjúgum inn í hann.

**122. Strengir** eru í Fljótinu norðan Hraungarða, báðum megin brúar.

## VI. Örnefni á Engjum og í hálsinum austan vegar, að merkjagirðingu.

**123. Framengjar** eru sá hluti Engjanna, sem er austan við Hraungarða.

**124. Þórðarteigur** er sú spildan, sem næst er Hraungörðum og norðan undir Fálkakletti.

**125. Engjasteinar** stórir lausir steinar á Þórðarteigi skammt frá vegi undir Fálkakletti, taldir hafa verið eitthvað notaðir sem aflraunasteinar. Steinarnir taldir hafa verið nefndir Fullsterkur, Hálfsterkur og Amlóði, en verða ekki tölusettil hver og einn.

**126. Hraungarðarétt** er skv. framansögðu í Hraungörðum austan vegar.

**127. Hraungarðahylur** er alveg austan við Hraungarða. Hér hefur fljótið brotið vik að eða því nær inn í réttarstæðið í Hraungörðum og breytt sér á síðari áratugum.

**128. Hraungarðavað** var á broti sem var alveg ofan við Hraungarðahyl. Nú horfið í bili.

**129. Eyrar** eru malareyrar með fljótinu austan við Hraungarða.

**130. Eyravað** er undan Þórðarteig, austan við Hraungarða ("vaðið á Eyrnum fyrir austan Hraungarðana").

**131. Gullteigur** er eystri hluti Framengjanna, austur með *Hálsinum*, austan við Þórðarteig. Grunnur farvegur um þvera grundina skilur að Þórðarteig og Gullteig.

**132. Háls (132.B Kalmanstunguháls 132.C.Skeljaháls,** það nafn óþekkt í daglegu tali), er hálsinn sem tengir Strút og Tungu, gróinn halli norðan í, að Fljótinu, en blásin holt efst. Nafnið Háls er þó fyrst og fremst notað um gróna hallann austan Fálkakletts og austur að *Skógarholti*. Vegurinn sneiðir sig upp Hálsinn frá Fálkakletti og beygir síðan þvert suður yfir vestan *Sýrholt*s. (Hér er því brotin sú regla, að nefna örnefni jafnan í þeirri spildu, sem þau koma fyrst fyrir, því að Hálsinn austan við Fálkaklettinn er að nokkru vestan vegar. Hálsinn er hins vegar hvorki í Tungu, né á láglandinu norðan hennar og því er þessu raðað svona).

**133. Stokkflöt** er engjahólmi allstór í Fljótinu austan við Gullteig, norðan við Hálsinn.

**134. Skurður** (flt. í eldri skránni) er smálækjarskurður norðan í Hálsinum, austarlega í hallanum.

**135. Sýrholt** er melholt uppi á háhálsinum austan við veginn, hátt sunnanfrá en lágt norðanfrá, (ofan við Hálsinn skv. fyrrnefndri afmörkun þess örnefnis). Vegurinn beygir austur þegar sér suðuraf og liggur sunnan og niður með holtinu í átt að bænum.

**136. Hálsbrún** heitir vestan í Sýrholti, þar sem sér suður af.

**137. Jarpur** heitir vörðubrot uppi á Sýrholtinu. Þar er heygður undir reiðhestur Ólafs Stefánssonar, sem var bóndi hér framan af 20. öld.

**138. Brú(in)** var lengi notað sem örnefni um veginn frá rótum Sýrholtis og heim að Bæjarlæk. Gamla hestagatan heim að Kalmanstungu lá utan í rótum Sýrholtis og krækti upp fyrir blauta mýri austur að læknum og síðan niður með honum. Á fyrrihluta þessarar aldar (3. áratug?) var grafinn skurður yfir mýrina frá Sýrholti og vegur gerður meðfram skurðinum, þar sem hann er enn og var jafnan talað um Brúna eins og örnefni. Síðar var annar skurður grafinn sunnan við Brúna.

**139. Flötin.** Eftir að Brúin var gerð var haldið áfram að grafa skurði kringum mýrina ofan við hana en suðaustan undir Sýrholti. Á henni framræstri var gert tún á 4. áratugnum og kallað Flötin. Það er nú aftur aflagt sem tún.

**140. Tjaldhóll** er gróinn klapparhóll austan við Flötina neðantil, austur undir læknum og liggur merkjagirðing milli Kalmanstungu I. og II. yfir hólinn. Tilefni nafns óþekkt.

**141. Skógarholt** er hátt holt á hálsinum NA frá Sýrholti. Bratt ofan í Fljótið. Skógarleifar.

**142. Stokkflatartangi,** bakki eða undirlendisfit með fljótinu austan Stokkflatar.

**143. Skeljalág** er austan við Skógarholtið og liggur alveg niður að Fljótinu. Fyrrnefnd merkjagirðing liggur í Fljótið austan við hana.

**144. Skeljalágargreni,** gamalt tófugreni í Skeljalág.

**145. Skeljalágarvað** er á Fljótinu fram undan Skeljalág, austan við Hríshólma.

**146. Krók(s)kast**, hátt klettakast við fljótið, byrjar í Skeljalág, nær austur í land Kalmanstungu II. Þar sem vegur til Arnarvatnsheiðar liggur austur af því, niður bratta brekku.

Hér er lokið við að fara yfir land Kalmanstungu I.

## VII. Örnefni í túni Kalmanstungu II og milli túnsins og Hvítár.

**147. Kirkjubrekka** er brött brekka ofan við bæinn, austur frá læknum.

**148. Húsatún** er austan Kirkjubrekku og Kirkjuvallar.

**149. Harðhaus** er hólrani fram úr Húsatúni, austan Kirkjubrekku. Þar hafa nú staðið fjárhús og hlaða síðan snemma á 20. öld og að líkindum aðrar slíkar byggingar fyrir..

**150. Suðurtún** túnið suður af bæ, skv. eldri skránni. Nú fallið úr notkun. (**Dúkar** var nafn á einhverjum túnblettum, ekki víst hvar, á Suðurtúni. Þetta sagði Óskar Stefánsson, sem ólst upp í Kalmanstungu (f. 1911) Ragnheiði Kristófersdóttur um 1980. Líka nefnt í dagbók Stefáns Ólafssonar frá árinu 1921. Nafnið þekkist ekki lengur).

**151. Kalmanshóll** er hraunhóll við ána austan við Móann. Ekki er líklegt að þar sé neinn grafinn, enda segir Landnáma Kalman heygðan sunnan ár.

**152. Hraunsnef** er hraunspilda norðan árinna austan við Kalmanshól, niður undan Höfða. Þar eru nú útihús, fjárhús og hlöður.

**153. Hraunsnefsfoss** er í ánni undan Hraunsnefinu.

**154. Tjaldsteinn** er stór steinn á flatlendinu nokkuð austan Hraunsnefs, niður undan Harðageira.

**155. Kerling** er vörðubrot rétt austan við Tjaldstein.

**156. Fornistekkur** var skammt frá ánni, austan við Kerlingu, horfinn.

**157. Stekkjargrund** er austan við Fornastekkk, nú orðin að túni.

**158. Stekkjarlækur** er austan við Stekkjargrund, einn af *Lækjum* og vestastur þeirra.

**159. Stekkjargrundarfoss** er í ánni niður undan Stekkjargrund.

**160. Veita**, var raklendi niður undan *Lækjum* í *Brekkunum* ofan við, nú orðið að túni.

**161. Veitufoss** er í Hvítá undan Veitu.

**162. Brúarstöplar** eru manngerðir, sinn hvoru megin árinna niður undan Veitu ofan við Veitufoss. Notaðir áður fyrir lausabré.

**163. Leiti** er graslendi, lágt leiti, framhlaup úr *Stórakatli*, austan við Veitu.

**164. Stóriketill** er mikill brekkuhvammur með klettum í brúnum (fornt framhlaup) austan við Leiti. Þar er nú ræktað tún, hið austasta inn með ánni. Þar var stekkjarrúst.

### **VIII. Örnefni ofan túns Kalmanst. II og sunnan Bæjarlækjar, að girðingu í Strút.**

**165. Kvíar** voru þar sem lækurinn kemur fram úr gilinu ofan bæjar, austan megin. Nú horfnar með öllu og slétt yfir.

**166. Kvíasneið**, brött gata upp úr læknum ofan bæjar, upp á vesturenda Kirkju-brekku.

**167. Upp í fossum (167. B. Gljúfur)**, þar sem Bæjarlækurinn fellur í smáfossnum gegnum stutt klettagil ofan við Kvíasneið.

**168. Kirkjuhvammur** er stór grashvammur austan við lækinn ofan við Gljúfrin.

**169. Móahvammur** er annar minni hvammur ofan við Kirkjuhvamm, neðan við beygjuna á læknum, sem kemur úr norðaustri ofan úr Strút og beygir hér til suðurs.

**170. Hvammar** eru með læknum ofan við beygjuna, báðum megin lækjar?

**171. Hólar** eru melhólar (jökulhólar) sinn hvoru megin lækjar ofan við Hvamma.

**172. Höfði** er brekkan og brúnin norður af Hraunsnefi og bæði austar og vestar, SV frá Hólum.

**173. Brekkur** er hlíðin fyrir austan Höfða að Stóratli.

**174. Geirar** eru í Brekkunum næst Höfða, gömul engjastykki með holtum á milli. Þeir hafa ýmis nöfn.

**175. Höfðageiri** er næst Höfða. Þar næst er

176. Breiðigeiri

**177. Harðigeiri** er honum næstur að austan.

**178. Votigeiri** er austasti geirinn.

**179. Fornihvammur** er í brekkunni austur af Votageira.

**180. Lækir** eru í Brekkunum austan við Fornahvamm, upp af Veitu. Sá vestasti er Stekkjarlækur, sjá hér fyrr.

**181. Brekkubrúnir** er landið ofan við Brekkur, norður að Hólum og Bæjarlæk.

**182. Gljúfrahvammur** er sunnan við Lækinn, ofan við Hóla.

**183. Efrigljúfur (183.B Gljúfur)** eru að læknum ofan við Gljúfrahvamm.

**184. Hestadalur** er lægð að Læknum ofan við Gljúfur og teygist langt upp í *Strút*.

**185. Hestadalshryggur** er hæðin sunnan við Hestadal, upp af Kötlum

**186. Katlar**, sunnan við Hestadalshrygg ofan við Katlabrún. Sagt er **uppi á Kötlunum**.

**187. Katlabrún** er upp af Stóra- og Litlakatli, framhald Brekkubrúna.

**188. Kötluftúnlækur** kemur ofan úr Stórakatli niður með austurbrekku hans og fer í ána.

**189. Kötluftún** er brött brekka og rústir af fornu eyðibýli, sem eru austan við lækinn og Stóraketil, skammt frá ánni. Jarðabókin 1709 segir þar ekki hafa verið byggð í 100 ár eða lengur, en hafa verið hjáleigu. Þess hefur verið getið til að hér hafi verið Sturlustaðir, sem Landnáma nefnir og segir Sturlu (goða?) Kalmansson hafa byggt, en flutt sig heim í Kalmanstungu, þegar Kalman féll frá. Væri þá Stóriketil Skáld- eða Skallskelmisdalur en Tungufell Strúturinn. En þetta er aðeins tilgáta. Vellankötlunafn, sem fyrir kemur í fornbréfum hefur mönnum líka dottið í hug að tengja Kötluftúni, en það er jafnóviss tilgáta.

**190. Tæpagata** er einstigi á klapparkasti við ána, rétt austan við Kötluftún.

**191. Litliketil** er annar hvammur svipaðrar gerðar og Stóriketil, en miklu minni, austan við Tæpugötu.

**192. Litlaketilslækir** eru tveir smálækir, sinn hvoru megin í Litlakatli.

**193. Litlaketilsflöt** er grasi vaxin flöt austan við Litlaketil. Á henni er rúst af varðmannakofa frá kláðaverðinum, sem svo var nefndur á fjárkláðaárunum á síðari hluta 19. aldar. Þar var Sigvaldi Jónsson Skagfirðingaskáld varðmaður á þeim tíma, ásamt fleirum.

## **IX. Örnefni í landi Kalmanstungu II. norðan Bæjarlækjar að Fljóti og girðingu.**

**194. Krækiberjabrekka** er að vestanverðu í Bæjarlæknum, litlu ofar en Upp í fossum.

**195. Votihvammur** er að vestanverðu við Lækinn, milli Kirkjuhvamms og Móahvamms að austan.

**196. Brattihvammur** er norðan Lækjar, rétt ofan við beygjuna.

**197. Hæðamýri** er mýrarspilda norðan við Bæjarlæk ofan við Hvamma, nú framræst og gerð að túni. (Nær **ekki** fram á brún ofan við bæ eins og stendur í eldri örnefnaskránni)

**198. Hæðir** heita ofan og austan Hæðamýrar, þar sem land hækkar upp undir Strútinn milli *Króks* og Efri-Gljúfra.

Áður var nefnt Krókskast (146) við Norðlingafljót austan við Skeljalág. Vegurinn inn til heiða liggur niður af hálsinum í brattri sneið austur af Krókskasti.

**199. Krókur** er sveigur í hlíðina austan við Krókskast.

**200. Stóragil** er gljúfragil sem sker hlíðina austan við Krók (miðja vega milli sneiðarinnar og fjallgirðingar eða litlu austar).

**201. Stóragilshlíð** ("hlíðin framan við Stóragilið") er hallinn austan við Stóragil fram að fjallgirðingu eða Klifi.

**202. Bakkar** eru grónir bakkar með Fljótinu norðan við Krók.



**203. Hallmundarhraun** er víðáttumikil helluhraunsbreiða, sem komin er úr gígum austur við enda Langjökuls og hefur runnið hálfu leið til sjávar. Langstærstur hluti þess er í Kalmanstungulandi, austan og norðan *Eiríksjökuls* milli Strúts og jökuls og norðan Strúts, þar til Norðlingafljót, sem hefur haldið sig norðan hrauns alla leið framan heiðina, snarar sér suður yfir hraunið einmitt hér og kemur upp að suðurhlíð dalsins við Krókskastið. Eftir það er hraunið í Fljótstungu-, Kolsstaða- og Gilsbakkalöndum (nema Engjahraunið).

**204. Kleppahraun** er hraunspildan móts við Kleppa, háan hnúk norðan Fljóts, nær frá því nokkuð neðan girðingar (ekki neðan frá Fljóti) og fram að *Neðri- Fugleyrum*.

**205. Gjáin** er stór hraungjá, skútir langleiðina í kring, skammt frá brekkurótum austan við Stóragil. Var notuð um skeið sem aðrekstraraðhald við rúningu og slíkt.

**206. Kleppahraunsgreni**, tófugreni í Kleppahrauni skammt neðan girðingar, ca. 300 m. frá vegi.

Hér lýkur örnefnatalningu í landi Kalmanstungu II.

Við tekur sameignarland jarðanna.

#### **X. Örnefni í og kringum Strút.**

(Fyrst talin örnefni uppi á fjallinu, en síðan byrjað vestan í, farið austurmeð að sunnan og norðurmeð að austan, að alfaravegi).

**207. Strútur** er móbergsfjall, 938 mys. ANA frá bæ í Kalmanstungu.

**208. Strútskollur** er hátindur Strútsins, uppmjór, snarbrattur móti suðri og norðri, en suðurhlíðin miklu hærri, því að norðan við Strútskollinn er slakki að allháu felli, sem er hluti af fjallinu, kollótt að ofan og heitir

**209. Lambafell**, 660 mys.

**210. Lambafell eystra** er minni og lægri hnúkur austur af Lambafelli.

**211. Upp á milli fells og kolls** heitir slakkinn. Líka notað um háhrygginn, sem liggur milli Strútskolls og Lambafells.

**212. Hestadalsgil** (flt.) eru djúp og kvíslótt gil upp af Hestadalnum, alllangt uppí Strútinn að vestanverðu. Bæjarlækurinn á hér uppruna sinn og hefur grafið djúpt gil í móbergið. Hestadalsgil eru þvergil Bæjarlækjarins.

**213. Neðriöxl** er fellsöxlin sem liggur upp af Hestadalshrygg, hækkandi hryggur fjallsins að *Hærriöxl* og Strútskollu. Nær austur að *Stóragili* (því sem er sunnan í, ekki því fyrir austan Krókinn).

**214. Smáhlíðar** taka við í suðurhlíðinni austan við Litlaketil og fjallgirðingu, sunnan við Neðriöxl..

**215. Stóragilsflöt** er niður við ána vestan við *Stóragil* neðan Smáhlíða austast.

**216. Stóragil** er stórt gil, grafið í móbergið sunnan í Strút, austan við Smáhlíðar.

**217. Efriöxl ( 217.B.Hærriöxl )** er fellsröðullinn vestur og niður af Strútskolli en upp af Neðriöxl.

**218. Móhellur** eru snarbrattar móhelluklapparskriður austan við Stóragil ofantil, niður og suður undan Efriöxl.

**219. Bröttuhlíðargil** er stærst af þeim giljum, sem skera Móhellurnar og er austan við þær.

**220. Brattahlíð** er hlíðin austan við Bröttuhlíðargil og Móhellur, að *Skógarhlíðar-gili*, nokkuð skógivaxin neðantil.

**221. Bröttuhlíðarhraun** er hrauntangi við ána undir Bröttuhlíð, hluti Geitlands-hrauns.

**222. Bröttuhlíðarfoss** er í Hvítá undan Bröttuhlíðinni.

**223. Skógarhlíðargil** er stórt gil, sem sker hlíðina austan við Bröttuhlíð

**224. Háaleiti** er alda fram undan Skógarhlíðargili. Þaðan sést fyrst til bæjar í Kalmanstungu, þegar komið er austan með Strút.

**225. Háaleitisfoss** er í Hvítá undan Háaleiti.

**226. Skógarhlíð** er hlíðin austan við Skógarhlíðargil, vaxin þykkum birkiskógi. Hér er nokkur stallur upp af sunnan í Strútnum, þegar kemur austur fyrir Bröttuhlíð, sem heitir

**227. Skógarhlíðarstallar.** Ekki heitir Skógarhlíð nema upp að stallinum.

Hér tekur að breikka láglendið með ánni og hlíðin að sveigja NA, (snúa lítið eitt meira móti SA).

**228. Hestleiðið** er undir Skógarhlíð austantil. Þar er talið grafinn sé hestur sem einhver varðmanna í kláðaverðinum (1875-1876) missti. Steinn er á leiðinu og letruð á vísa, en mun nú lítt læsileg því steinninn er mjúkur og veðrast. Eitthvað greindi menn þó á um þá sögn, hvort hér hefði verið dysjaður hestur eða ekki. Vísan var skrifuð upp af Þorsteini Jakobssyni snemma á 20. öld og er varðveitt í Kalmanstungu í þeirri uppskrift, á þessa leið:

"Áður á Ísaláði

örðugt að manna vörðu

stóðu feður þar flóðin

fram hrundu, jöklum undan.

Seinni öld öðru valdi

áforms bundinn á grundu

vakir hér von með spaka

varna sauðum til nauða. Anno 1857".

Ekki er hún mjög auðskilin og má vera að letrið hafi þá þegar verið farið að snjást. Rúst af varðmannakofa er hjá Hestleiðinu

**229. Skógarhlíðarhraun** er sunnan undir Skógarhlíð, angi Hallmundarhrauns, sem hefur teygst sig þar niður með Strút að sunnan.

**230. Skógarhlíðargreni** er austarlega í Skógarhlíðarhrauni.

**231. Þrengsli** heitir austast við Skógarhlíð, þar sem þröngt sund er milli hrauns og hlíðar.

**232. Árnaskriðugil** kemur niður skammt fyrir innan Skógarhlíð, snýr móti SA.

**233. Árnaskriða** er skriðan fram úr Árnaskriðugili.

**234. Tagltjörn** ("tjörnin fyrir sunnan Taglið") norðan við Árnaskriðu. Hér komið austur fyrir Strút.

**235. Tagllækur** rennur í Tagltjörn, kemur ofan úr *Taglhnjúkum*.

**236. Strútstagl** er hallandi austurendi Strútsins, þar sem rætur hans teygjast lengst austur

**237. Taglhnjúkar** eru hnjúkar uppi í hlíðinni, upp af Strútstaglinu.

**238. Taglflói** er flóasund við fjallsræturnar norðan við Strútstaglið, milli þess og *Draugagils*.

**239. Flag** er tjarnstæði eða tjarnarflag í þurrkum, við Taglflóa.

**240. Valstrýta** er vænn hóll á austurbrún lægðarinnar milli Fells og Kolls, skammt fyrir suðaustan Draugagil, þar við loft, þegar þar er farið með Strútsrótunum.

**241. Draugagil** er hyldjúpt og skuggalegt gil er snýr móti NA, grafið af vatni í móbergið austan Lambafells. Þjóðsagan segir séra Snorra á Húsafelli hafa vistað þar drauga.

**242. Stóruskriðugil** er norðan í Strút (Lambafelli) nokkuð vestan Draugagils.

**243. Stórascriða** er skriðan fram úr Stóruskriðugili, hlaðin upp af framburði þess. Á henni klettur.

## **XI. Örnefni austan girðingar norðan Strúts og inn með Fljóti að Helluvaði.**

**244. Klif** er hraunbrík og halli skammt austan við fjallgirðingarhliðið norðan við Strútinn, þar sem hraunið hækkar.

**245. Hraunkarlinn (245.B Karlinn)** er snagi í hraunbrík neðst í Klifinu, líkur manns haus séð frá götunni, alþekkt myndamótíf síðan Þorsteinn Jósefsson gerði hann þjóðkunnan á 4. áratug aldarinnar.

**246. Brunnar ( 246.B Gvendarbrunnar)** er forn áningarstaður á grasfitjum við lindarlæk norðan við Strútinn, þar sem leiðin beygir frá hliðinni í átt að Norðlingafljóti. Lindin talin vígð af Guðmundi biskupi Arasyni, eins og mikill fjöldi annarra.

**247. Skottugjá** er gjóta í hraunhaftinu norðan við Brunna. Þar var talið að Hvítárvallaskotta hefði fleygt hesti úr klyfjalest ofan í gjána og áttu menn fullt í fangi að ná honum upp. Skotta var talin hafa verið mjög heimilisföst í Kalmanstungu í búskapartíð Jóns Árnasonar stúdents, sem hún fylgdi síðan að Leirá. Kona Jóns var afkomandi Sigurðar sýslumanns á Hvítárvöllum, sem Skotta var upphaflega send.

**248. Fugleyrar (248.B Hellisfitjar)** eru tvennar, Fremri og Neðri. Hellisfitjanafn er ekki notað í máli manna, en þekkist af bókum og ekki talinn vafi að sé hið sama og Fugleyrar.

**249. Neðri-Fugleyrar** eru grasfitjar þar sem Fljótið hefur fyllt með framburði í hraunið því nær þvert yfir, svo að aðeins er mjótt hraunhaft næst Strút, milli Brunna og Eyranna, það sem Skottugjá er í. Vegurinn lá um þær á moldargötum frá Strút að Fljóti.

**250. Bugavað** er á Fljótinu á Fugleyrum og var einkum farið á hestum til Fiskivatns og Kleppavatns. (Svo er að skilja, að ekki eigi allir við sama stað með þessu nafni, ýmist talið beint norður af götunni, sem liggur frá Brunnum norður að Fljótinu, eða talsvert austar, ekki allfjarri þar sem Bugakot stóð á norðurbakkanum. Eru því etv. tvö vöð með þessu nafni).

**251. Surtshellir** er einn frægasti hraunhellir landsins, og eru op hans, fjögur að tölu meðfram götu, sem liggur upp hallandi hraun frá Neðri-Fugleyrum og að Fljótinu nokkru ofar og sameinast þar aðalveginum. Nú hefur verið lagður malborinn vegur upp hraunið fyrir sunnan Surtshelli og er nú aflögð að mestu gamla hestagatan um Neðri- Fugleyrar.

**252. Drápsgjá** er annað opið austan frá á Surtshelli, stórt op þar sem hellispakið hefur fallið niður. Þar er þverhnipt og hátt og illkleift niður að fara í hellinn, en þjóðsagan segir að þar hafi Hellismenn rekið fram af fé það, er þeir stálu til að skera.

**253. Beinahellir (253 B. Vígishellir)** er afhellir innan við Drápsgjá, til vinstri þegar inn úr henni kemur og nær þangað dagsbirta. Þar eru hleðslur nokkrar sem vitna um mannvist, en ekki síður beinahrúga mikil, sem í var mikið af heillegum beinum fram á miðja 20. öld, en eru nú lítið orðin nema mylsna af traðki og illri umgengni. Nafnið Vígishellir mun ekki upprunnið hér um slóðir og var þessi hellir ekki kallaður hér annað en Beinahellir, enda beinaleifarnar langmestar hér. Ranghali lágur liggur héðan til hliðar við aðalhellinn, út í þriðja opið.

**254. Rauðihellirinn (254.B Rauður,** nafngift Matthíasar Þórðarsonar, ekki notuð hér), er til hægri þegar komið er inn úr Drápsgjá, á mótí Beinahelli. Hann er kallaður Beinahellir í eldri skránni. Þykir ólíklegt að það sé frá Kristófer komið, því það tíðkaðist ekki í Kalmanstungu. Þar er þó líka svolítið af beinum.

**255. Íshellir** er í vesturhluta hellisins, vestan við vestasta opið, en um það op er einnig auðveld innganga í hellinn. Hér eru miklar ísmyndanir. Hér setti Páll Guðmundsson myndlistamaður upp höggmyndasýningu fyrir fáum árum, við góða aðsókn.

**256. Stefánshellir** er mikill hraunhellir austan Surtshellis og mun aðeins stutt niðurhrun skilja þá að. Stefán Ólafsson, síðar bóndi í Kalmanstungu, fann hann um 1920. Þess varð þó vart að einhver hafði áður kannað hann. Sást það af vörðubrotum er þar höfðu verið hlaðin. Sagnir munu líka hafa lifað á Krókbæjum í Hvítársíðu um einhverjar týndar hellishvelfingar á þessum slóðum. Stefánshellir er aðgengilegastur til skoðunar allra stóru hraunhellanna hér vegna þess hve hann er sléttur í botn og laus við hrunurðir.

**257. Surtshellisgreni**, tófugreni skammt sunnan Surtshellis í hraunbungu milli núverandi vegar og hellisins. Þar mun tófa sjaldan hafa verið, helst í snjóavorum, þegar fátt náðist af skárri grenjum.

**258. Fremri-Fugleyrar** eru grasfitjar með Fljótinu fyrir austan Surtshelli.

**259. Kleppavatnsvað** er á Fljótinu á Fremri-Fugleyrum, nú notað mikið við flutninga fjár í afrétt og þegar farið er til veiða í Kleppavatni og Fiskivatni. Akfært.

**260. Vopnalág** er skeifumynduð lág, ca. 300 m. löng en eins til tveggja metra djúp, í móavíki milli Fljóts og hraunsins, neðan við þar sem Fljótið beygir fyrir endann á *Porvaldshálsi*. Hér segir þjóðsagan að ráðist hafi verið á Hellismenn er þeir sváfu og hvíldu sig eftir smalamennsku á heiðinni, sumir felldir hér, en aðrir eltir víðsvegar og drepnir.

**261. Laski** er stór uppgróin hraunspilda suður og austur af Vopnalág (vesturendinn líklega nálægt því suður af láginni) og nær langt austur í hraun suður af *Porvaldshálsi*. Laskinn sker sig úr og afmarkar frá hrauninu í kring með meiri gróðri og mætti láta sér detta í hug að þar væri eldra hraun en umhverfis. Í honum eru tvö melholt, hraunlaus.

**262. Fremraholt** heitir hið eystra þessara holta.

**263. Neðraholt** er hið vestra.

**264. Neðraholtstjörn** er lítil tjörn í Neðraholtinu.

**265. Neðstagren** er suðvestur af Neðraholti.

**266. Bollagren** er suður af Fremraholti, fundið af Kolbeini Guðmundssyni, sem þá var í Kalmanstungu, síðar bóndi í Stóraási í Hálsasveit.

**267. Laskatota** er austurendi Laskans, löng og mjókkandi tota.

**268. Fyirsát** er laut milli hrauns og háls við suðvesturendann á *Porvaldshálsi*.

**269. Porvaldsháls** er löng jökulalda er liggur SV-NA milli hrauns og Norðlingafljóts, víða grýtt að ofan en gróin í brekkum að sunnan, talinn klukkutíma lestangangur eða 5 km að lengd, ef farinn var endilangur, en þetta þótti einkar seinfarin leið. Leiðin á og um

Arnarvatnsheiði lá eftir hálsinum endilöngum, en Tvídægruleið (Núpdælagötur) hluta leiðar, þ.e. að *Núpdælavaði*. Nú hefur verið lagður akfær vegslóði eftir hrauninu sunnan við hálsinn, með því að aka á það mól og ferðir eftir gömlu götunum um Þorvaldsháls lagzt af.

Þetta er eitt af hinum mörgu örnefnum, sem þjóðsagan tengir drápi Hellismanna.

**270. Bjarnafoss** er allhár foss í Fljótinu við Þorvaldsháls neðarlega.

**271. Tjörn(in á hálsinum)** er lítil tjörn neðarlega á hálsinum, suður af Bjarnafossi.

**272. Núpdælavað** er á Fljótinu framan við Bjarnafoss. Þaðan liggja Núpdælagötur norður

**273. Miðgreni** er tófugreni í hraunjaðrinum sunnan hálsins, nokkurn veginn háaustur frá Tjörninni.

**274. Mangasteinn** er stór klettur eða steinn á melhól á miðjum hálsi.

**275. Mangapollur** er pollur suðvestan undir Mangasteini. Nöfn þessi munu vera frá því ekki löngu fyrir lok 19. aldar. Til þeirra liggur þessi atburður: Magnús hét maður (vinnumaður í Kalmanstungu?) sem fór ásamt tveim öðrum til veiðiskapar fram á heiði. Voru það þeir Sigurður Bjarnason í Hraunsási, síðar bóndi þar, og Ólafur Hannesson, þá á Húsafelli. Magnús var nokkuð við skál. Lauk því svo að hann valt sem dauður væri ofan í tjörnina. Þeir félagarnir drógu hann á þurrt og hagræddu honum undir steini þessum, breiddu yfir hann og héldu til byggða og sögðu karl dauðan. Og taldi Ólafur að þó hann hefði ekki verið **steindauður** þá (þegar þeir skildu við hann), væri hann eflaust **steindauður** núna. Næsta morgun var svo lagt af stað að sækja líkið. En þá mættu þeir, sem sækja skyldu, karli afturgengnum á Fugleyrunum og hann lifði mörg ár eftir þetta.

**276. Húsfellingavað** er á Fljótinu heldur austar en miðja vegu milli Núpdælavaðs og ármóta Norðlingafljóts og Refsveinu. (Refsveina er á sem kemur í Fljótið norðanfrá og fellur þvert yfir heiðina að kalla má, gegnum nokkur vötn í grunnri dæld vestan við Arnarvatnshæðir). Nafnið sagt ungt, þó eldra en elstu menn um miðja 20. öld. Líklegt er að Húsfellingar hafi farið þar fyrstir á leið til veiða.

**277. Úlfsvatnsvað** er á Fljótinu á ökuleiðinni til Úlfsvatns, spölkorn vestan ár-móta Fljóts og Refsveinu.

**278. Hálsendi** er austurendinn á Þorvaldshálsi, móts við Úlfsvatnsvað.

**279. Fremstagreni** er tófugreni ca. 1.5 km ASA frá Hásenda.

**280. Blettur** er sléttur hraunlaus blettur sunnan við hraunhaftið sunnan við *Helluvað*.

**281. Helluvað** er á Fljótinu norðaustan við Þorvaldsháls. Þar liggur hin forna þjóðleið um Arnarvatns- og Grímstunguheiði og Stórasand yfir Fljótið, upp í Arnarvatnshæðir. Nú ökuleið.

## XII. Örnefni austan Strúts og kringum Eiríksjökul.

**282. Stokkar** eru uppsprettulindir er koma upp í hraunjaðrinum suður af Árnaskriðu og falla í Hvítá, nær mótum hennar og *Hafragils*.

**283. Hafragil** er mikið gljúfragil sem kemur ofan úr *Hafrafelli*, alveg frá Langjökli og er á merkjum Kalmanstungulands á móti Geitlandi. Það sameinast Hvítá móts við Stokka, eða litlu innar.

**284. Hafrafell (284. B Hafursfell)** er hátt fjall í jaðri Langjökuls 1167 mys. Það er að mestu í Geitlandi. Telja verður þó að Hafragil falli um norðausturenda þess og nái það því lítillega inn í Kalmanstunguland. Fyrri nafnmyndin er ein notuð í Kalmans-tungu, en hin síðari tíðkast jöfnum höndum í nágrenninu.

**285. Stokkar** eru aðrar lindir í hraunjaðrinum talsvert austar en hinir fyrnefndu, norðan Hvítár, milli *Hafragils* og *Flosagils*.

**286. Torfabæli** eru gróðurblettir nærri upptökum Hvítár. Neðstabælið er kallað undir *Hafrafelli* neðan *Hafragils* og er því í Geitlandi. Þó kalla Kalmanstungumenn líka

**287. Neðstabæli** norðan árinna þar á móti.

**288. Miðbæli** er stærstur gróðurblettur *Torfabælanna*. Það er norðan *Hafragils*, milli þess og *Flosagils*, vestan í eða undir felli, sem kallað er af sumum

**289. Bælafell.**

**290. Flosagil** kemur ofan úr *Flosaskarði*, norðan við fyrnefnt fell, meðfram rótum *Eiríksjökuls*.

**291. Fremstabæli** er norður af *Miðbælinu*, norðan við *Flosagil*

**292. Fremstubælatjörn** er lítil tjörn í *Fremstabælinu*.

**293. Hvítárdrög** eru gróðurteygingar með lindum og kvíslum norðaustur af *Fremstabæli* og upp undir rætur *Eiríksjökuls*. Þar eru efstu upptök Hvítár sjálfrar (sumpart frá *Eiríksjökli*) en *Flosagil* og *Hafragil* koma lengra að, frá *Langjökli* og úr *Flosaskarði*. Síðan bætist við vatn undan hrauninu í tvennum *Stokkum* og er þetta allt komið saman þegar hún fellur niður sunnan *Strúts*. (Þess ber hér að geta, að *Kalman Stefánsson* leggur þann skilning í þetta örnefni að það taki yfir allt þetta upptakasvæði Hvítár og séu þá *gilin* og *Torfabælin* í *Hvítárdrögum*. Sá skilningur virðist hins vegar ekki vera í samræmi við eldri skrána, sem *Kristófer sagði* fyrir um og yfirlýfði síðan).

**294. Hvítárdragatjörn** (eða "tjörninn í *Hvítárdrögum*") er í *Hvítárdrögum* sunnar-lega.

**295. Skriða** er mikið skriðuframhlaup úr hliðinni upp af *Hvítárdrögum*.

**296. Flosaskarð** er sunnan við Eiríksjökul, milli hans og Langjökuls, gróðurvana, en þar eru tvö lítil stöðuvötn, nafnlaus.

**297. Hafrahnjúkar (297.B. Mókollar** er nafn sem notað er í Árbók F.Í.), hnjúkar austur af Hafrafelli. Nafnið er nýlegt.

**298. Eiríksjökull** er hæstur fjalla í þessum landshluta (1675 mys.). Hann ber slíkan ægishjálms fyrirferðar, og ekki síður fegurðar, yfir allt sitt umhverfi, að hann þarf ekki að staðsetja með viðmiðun við önnur örnefni.

**299. Eiríksnípa** er mikil klettaborg ofarlega í undirhlíð jökulsins móti norðvestri, líkust álangdar klakk á klyfbera. Þjóðsagan um Hellismenn segir Eirík hellismann hafa komið fóthöggvinn úr höndum byggðamanna í Vopnalág og farið á handahlaupi austur að gnípunni og klifið hana og forðað sér þannig. Síðan komið ofan aftur er hinir voru frá horfnir, komið úr landi og leitað hefnda löngu síðar á þeim er sveik þá félagi. Honum er eignuð vísan þessi,

Hjarta mitt er hlaðið kurt

hvergi náir skeika.

Með fótinn annan fór ég burt

- fár mun eftir leika.

Ekki er þessi saga trúleg fyrir augum þeirra er horfa á bjarg Eiríksnípu.

Talið er, að Balljökull(=Kúlujökull), sem nefndur er í vísu Hallmundar í Grettissögu sé Eiríksjökull, en Ball- eða Baldjökulsnafn hefur síðar verið haft um aðra jökla, svo sem norðurenda Langjökuls (Kjaljökul) og Geitlandsjökul, en ekki náð að festast, enda líklega aðeins tilraunir til að finna þessu forna heiti stað.

### 300. Vestribrækur og

**301. Eystribrækur** eru, eða öllu heldur voru, nýleg nöfn á skriðjökulum, sem féllu norður af stalli Eiríksjökuls, gefin af aðkomumönnum. Þeir jöklar eru nú horfnir um sinn að svo miklu leyti að ekki sést á þeim brókarlag lengur og ná varla fram af stallinum.

**302. Klofajökull** er enn nafn á skriðjökli norðaustur úr jöklinum.

**303. Ögmundarjökull** er skriðjökull sem fellur austur úr Eiríksjökli, til *Jökul-króks*. Þorvaldur Thoroddsen gaf þetta nafn og kenndi jökulinn við fylgdarmann sinn, Ögmund Sigurðsson, síðar skólastjóra Flensborgarskóla.

**304. Jökulkrókur** er gróðurlítið land, sandorpið hraun og urðir, austan Eiríks-jökuls en norðan og vestan Langjökuls, norðaustur af Flosaskarði.

**305. Þrístapafell** er fell, 695 mys., en ekki nema ca 100 m.hátt yfir umhverfið, austur í hrauninu austur af norðausturhorni Eiríksjökuls, tæplega miðja vegu þaðan að Langjökli fyrir austan. Jökulkrókur er stundum talinn byrja fyrir sunnan Þrístapafell.



**306. Gjá** er í Jökulkrók beint austur frá Þrístapafelli, hraunborg upp úr sandi og í hana er þessi gjá sem hún dregur nafn af, ca. faðms breið, en tvær til þrjár mannhæðir að dýpt.

### XIII. Örnefni austan Helluvaðs, norðan Eiríksjökuls, að merkjum.

**307. Svelti** er sandorpin hraunspilda, gróðurvana, austur af Þorvaldshálsi, við beygjuna sem Fljótið tekur sunnan við Helluvað og áfram inn með Fljóti, að gróðurlendi vestan *Hamarstjarnarlækjar*.

**308. Hamarstjörn** er lítil tjörn skammt sunnan Fljóts, austan við Svelti vestan *Sauðafjalla*.

**309. Hamarstjarnarlækur**, smálækur, rennur úr Hamarstjörn í Fljótið.

**310. Sauðafjallalækur** kemur austan að á hlið við Fljótið dálítinn spöl og rennur þvert í það austan við Hamarstjörn

**311. Sauðafjallatjörn (311. B Tjörnin milli Fjallanna)** er spölkorn frá Fljótinu, SV frá *Nyrðra-Sauðafjalli*. Var fræg fyrir vænan silung.

**312. Sauðafjöll** eru tvö fell sunnan fljótsins, allmikil um sig, en ekki há (60-80 m.) yfir umhverfið. Sérkennileg lögun að ofan, líkjast stórum rofabörðum.

**313. Syðra-Sauðafjall** er hið minna þeirra um sig og 20 metrum lægra, en

**314. Nyrðra-Sauðafjall** er hið stærra og nær fljótinu. Stefna milli þeirra ca. NNA-SSV.

**315. Hallmundarhellir** er hraunhellir rúman kílómetur frá Syðra-Sauðafjalli í stefnu á Eiríksnípu. Kalman Stefánsson fann hellinn 1956. Þar eru mannvirki og fleiri mannvistarleifar. Þess hefur verið getið til að þetta sé hellir sá, sem þeir sóttu Hallmund hálftröll heim í, Grettir og Grímur.

316. Sandi

317. Hvassi og

**318. Rjúpnahellir** eru þrjú litlir hraunhellar á svipuðum slóðum og Hallmundar-hellir. Allir nýlega fundnir, eða endurfundnir, sbr. Hallmundarhelli. Nafngiftir Hella-rannsóknarfélagsins.

**319. Leirur**, roksandar og leirur norðan Eiríksjökuls, svarf og framburður skriðjökla.

**320. Urðhólmavatn (320.B Urðartjörn)** er austan við nyrðra Sauðafjallið. Í því er hólmi, fagurgrænn á sumrin, er sker sig þá sérkennilega úr við tóma urð allt í kring..

**321. Virkishólaflói** er austan við Sauðafjöllin en vestan við *Reyká*, skammt frá Fljótinu, en það tekur hér mikinn sveig til suðurs kringum nes að norðanverðu, sem heitir Breiðitangi..

**322. Virkishólar** eru urðarhólar austan við Virkishólaflóa (nærri Reykú). Þar virðist sjást fyrir einhverjum mannvirkjaleifum, sem ekki hafa verið kannaðar.

**323. Reykú** rennur úr *Reykjavatni* í Norðlingafljót, á að giska 1 km. að lengd. Í henni er foss og vað á fossbrúninni, nafnlaust, en kallað "vaðið á fossbrúninni". (Þetta hefur ekki verið skráð sem örnefni í eldri skránni og læt ég það hér eins og víðar, þar sem líkt stendur á, halda sér. Ég tel víst að það byggist á tilfinningu heimamanna og finnst að hún eigi að gilda).

**324. Reykjavatn** er lítið vatn í jaðri hraunsins, nálægt 800 metrum frá Fljótinu þar sem skemmst er. Það er að mestu leyti myndað af lindum undan hrauninu. Frábært veiðivatn.

**325. Arnarhóll** er sunnan við Reykjavatn. hár, strýtumyndaður, uppgróinn hraun-hóll. Líklega gamalt arnarsetur, en örn mun hafa orpið á Arnarvatnsheiði og nágrenni fram eftir öldum og sést einatt enn á haustin.

**326. Reykjavatnsskáli** er gamall leitarmannakofi Reykdæla og Hálssveitinga austan við vatnið.

**327. Uppsprettur** eru lindasvæði suðaustanvert við vatnið, sbr hér á undan.

**328. Franshellir** er hraunskúti með mannvirkjum og öðrum mannvistarleifum, m.a. nokkrum hrossahauskúpum, suðaustur af Uppsprettum. Þar tóku Hvítisíðingar höndum Jón Frans frá Býlubúð undir Jökli, sem þá hafði nýlega tekið upp iðju útilegumanna og stolið hrossum í Fljótstungu. Ekki er talið líklegt að Jón hafi haft tíma til að búa svona um sig þarna, heldur muni hann hafa gengið þar að annarra verkum, þá líklega Fjalla-Eyvindar

**329. Eyvindahola** er skammt (100-200 m.)vestan við Franshelli. Það er hraungjá af þeirri gerð, sem algeng er í þessu hrauni, lítið, oft nær kringlótt op og skútir út undir á alla vegu, lágar brúnir. Í gjána er hlaðinn stöpull upp í opið og reft yfir með hraunhellum. Undir vörðunni var svo op niður, en hún stóð á fjórum steinum. Svo var hægt að leggja hellu yfir þetta op undir hellunni, svo að engin merki sáust mannaverka. Var þetta því hinn ákjósanlegasti felustaður. Haganlegur frágangur holunnar tengir hana nafni Eyvindar, en ekki mun hann hafa látið hafa neitt eftir sér um það.

**330. Beinahola** er hraunhola með fornum beinum, spottakorn VSV af Franshelli og Eyvindaholu, talin líkleg vistageymsla Franshellisbúa.

**331. Kalmanshellir (331. B Einsteinshellir)** er hraunhellir ca 8 km SA frá Reykjavatni, ekki alllangt frá gígunum, sem hraunið er runnið úr. Hellirinn er langur en er ekki samfelldur, vegna þess að loft hans hefur hrunið sums staðar og lokast leiðin. Hann er sums staðar á tveimur hæðum. Leitamenn (Jökulkróksmenn) munu lengi hafa þekkt hellinn og einhverjir þeirra (Einar og Þorsteinn) gáfu honum Einsteinsnafnið, snemma á 20. öld. En nú er hann

yfirleitt nefndur Kalmanshellir eftir Kalmani Stefánssyni í Kalmanstungu, sem fylgdi þangað frændum sínum til könnunar.

*Forn nöfn, úr Landnámu og fleiri fornum ritum, sem nú verður ekki fundinn staður, eru þessi helst: Skáldskelmisdalur, Sturlustaðir, Tungufell, Kollshamar, Kýlanshól(m)ar, Vellankatla, Grindur, Sölmundarhöfði. Þess hefur verið getið til að Sturlustaðir væri Kötlutún, Tungufell þá Strúturinn og Skáld- eða Skallskelmisdalur, væri Stóriketillinn; Kollshamar væri Skollhóll eða Borgirnar (hann var ofan við Brennu segir í Landnámu). Grindur og Sölmundarhöfði virðast vera í grennd við bústað Bjarna í Litlutungu og má þá etv. helst giska á Kastið og Þjófaborg. En þetta eru tómar vangaveltur og í rauninni engin leið að vita hvar þessi örnefni voru og hvort þau hafa endilega öll verið í Kalmanstungulandi, t.d. Kýlanshólmar.*

*Nokkur örnefni falla niður frá fyrri skrá, þar eð þau eru utan merkja jarðarinnar og hafa verið númeruð fyrir misskilning.*

Magnús Sigurðsson á Gilsbakka skráði.

## Stafrófsröð örnefna

|                       |                      |
|-----------------------|----------------------|
| Arnarhóll 325         | Engjar 112B          |
| Árnaskriða 233        | Engjasteinar 125     |
| Árnaskriðugil 232     | Eyrar 129            |
| Bakkar 202            | Eyrar(nar) 38        |
| Beinahellir 253       | Eyravað 130          |
| Beinahola 330         | Eystribrækur 301     |
| Bílatún 4C            | Eyvindarhola 329     |
| Bjarkargil 67B        | Fákkaklettur 109     |
| Bjarkargilstún 44C    | Farvegurinn 48B      |
| Bjarnafoss 270        | Fjárhellir(inn) 58   |
| Bjarnastaðir 55       | Fjárhúsbót 77        |
| Blettur 280           | Fjárhúslág 56        |
| Bletturinn 44B        | Flag 239             |
| Bollagren 266         | Flati 47             |
| Borgaskarð 64         | Fljótið 90B          |
| Bót 75                | Flosagil 290         |
| Brattahlíð 220        | Flosaskarð 296       |
| Brattihóll 10         | Flöt(in) 139         |
| Brattihvammur 196     | Folöld 100           |
| Breiðaland 118        | Fornihvammur 179     |
| Breiðamýri 32         | Fornistekkur 156     |
| Breiðigeiri 176       | Framengjar 123       |
| Brekkubrúnir 181      | Franshellir 328      |
| Brekkur 173           | Fremraholt 262       |
| Brenna 45             | Fremri-Fugleyrar 258 |
| Brennuskarð 72        | Fremstabæli 291      |
| Brú(in) 138           | Fremstagreni 279     |
| Brúarstöplar 162      | Fremstubælatjörn 292 |
| Brunnar 246           | Fugleyrar 248        |
| Bröttuhlíðarfoss 222  | Fyrirsát 268         |
| Bröttuhlíðargil 219   | Geirar 174           |
| Bröttuhlíðarhraun 221 | Geitakofi(nn) 46     |
| Bugavað 250           | Giljahlíð 97         |
| Bunulækur 67          | Gjá 306              |
| Bæjarhóll 6B          | Gjái 205             |
| Bæjarlækur 1          | Gljúfrahvammur 182   |
| Bælafell 289          | Gljúfur 167B         |
| Drápsgjá 252          | Gljúfur 183B         |
| Draugagil 241         | Grænihvammur 101     |
| Efrigljúfur 183       | Gullteigur 131       |
| Efriöxl 217           | Gvendarbrunnar 246B  |
| Einsteinshellir 331B  | Háabrenna 70         |
| Eiríksjökull 298      | Háaleiti 224         |
| Eiríksnípa 299        | Háaleitisfoss 225    |
| Engjakraun 110        | Hafrafell 284        |
| Engjakraungreni 111   | Hafragil 283         |
| Engjalækjartún 22     | Hafrahnjúkar 297     |
| Engjalækur 21         | Hafursfell 284B      |

|                        |                         |
|------------------------|-------------------------|
| Hallmundarhellir 315   | Hvítárdragatjörn 294    |
| Hallmundarhraun 203    | Hvítárdrög 293          |
| Háls 132               | Hvítárfarvegur 48       |
| Hálsbrún 136           | Hvítimelur 34           |
| Hálsendi 278           | Hæðamýri 197            |
| Hamarstjarnarlækur 309 | Hæðir 198               |
| Hamarstjörn 308        | Hærriöxl 217B           |
| Harðhaus 149           | Höfðageiri 175          |
| Harðigeiri 177         | Höfði 172               |
| Hátunga 73             | Íshellir 255            |
| Háubrennugil 71        | Jarðfall 40             |
| Heimastasund 19        | Jarpur 137              |
| Hellir(inn) 58B        | Jökulkrókur 304         |
| Hellisbót 80           | Kalmanshellir 331       |
| Hellisfitjar 248B      | Kalmanshóll 151         |
| Helligil 81            | Kalmanstunguengjar 112C |
| Helluvað 281           | Kalmanstunguháls 132B   |
| Hestadalsgil 212       | Kanínuklettur 100B      |
| Hestadals hryggur 185  | Karlinn 245B            |
| Hestadalur 184         | Kast(ið) 87             |
| Hestagil 105           | Kastbót 85              |
| Hestavað 59            | Katlabrún 187           |
| Hesthúshóll 9          | "Katlar" 186            |
| Hesthúsvöllur 8        | Kerling 155             |
| Hestleiðið 228         | Kirkjubrekka 147        |
| Hlíð(in) 37            | Kirkjugarður 5          |
| Hlöðugil 83            | Kirkjuhvammur 168       |
| Hlöðugilsbót 82        | Kirkjuvöllur 4          |
| Hlöðugilsbotnar 84     | Kleppahraun 204         |
| Hólar 171              | Kleppahraungreni 206    |
| Hólar 54               | Kleppavatnsvað 259      |
| Hóllinn 6              | Klettsflöt 50           |
| Horn 28B               | Klif 244                |
| Hrafnagil 103          | Klofajökull 302         |
| Hrafnagilsbotnar 104   | Kolakjallari(nn) 52     |
| Hrafnaklettur 102      | Krók(s)kast 146         |
| Hraungarðahylur 127    | Krókgil 107             |
| Hraungarðar 120        | Krókgilsbotnar 108      |
| Hraungarðarétt 126     | Krókgilsklettur 106     |
| Hraungarðavað 128      | Krókur 199              |
| Hraunkarlinn 245       | Krækiberjabrekka 194    |
| Hraunsnef 152          | Kvíar 165               |
| Hraunsnefsfoss 153     | Kvíasneið 166           |
| Húsatún 148            | Kötlutún 189            |
| Húsatún 4B             | Kötlutúnslækur 188      |
| Húsfellingavað 276     | Lambabæli 13            |
| Hvammar 170            | Lambafell 209           |
| Hvassi 317             | Lambafell eystra 210    |
| Hvítá 14               | Lambhólmavað 119B       |
| Hvítamelsgil 33        | Lambhylur 15            |

Langamýri 30  
 Laskatota 267  
 Laski 261  
 Leirur 319  
 Leiti 163  
 Litlaborg 63  
 Litlaketilslöt 193  
 Litlaketilslækir 192  
 Litlamýri 31  
 Litlatunga 53  
 Litli geitakofi 12  
 Litliketill 191  
 Lækir 180  
 Lækjarbakki 2  
 Lækurinn 1B  
 Mangapollur 275  
 Mangasteinn 274  
 Miðbæli 288  
 Miðgreni 273  
 Miðsund 18  
 Milli gilja 35  
 Milli Hóls og Borga 43  
 Móahvammur 169  
 Móhellur 218  
 Mói 11  
 Mókollar 297B  
 Mundasund 16  
 Mýri 29  
 Nátthagar 121  
 Nauthagagil 36  
 Nautvakagil 36B  
 Neðraholt 263  
 Neðraholtstjörn 264  
 Neðri-Fugleyrar 249  
 Neðri-Lækjarbakki 3  
 Neðriöxl 213  
 Neðstabæli 287  
 Neðstagren 265  
 Niðurengjar 113  
 Niðurtún 7  
 Nónborg 62  
 Norðlingafljót 90  
 Norðurbakki 23  
 Norðurengjar 112  
 Norðurkast 98  
 Norðurkastsgil 99  
 Núpðælavað 272  
 Nyrðra-Sauðafjall 314  
 Rauðakúla 93  
 Rauðihellirinn 254  
 Rauðukúluskógur 92  
 Rauður 254B  
 Reyká 323  
 Reykjavatn 324  
 Reykjavatnsskáli 326  
 Rjúpnahellir 318  
 Rjúpnahvammur 101B  
 Runni 39  
 Sandhorn 28  
 Sandi 316  
 Sandur 60  
 Sauðafjallalækur 310  
 Sauðafjallatjörn 311  
 Sauðafjöll 312  
 Sigurðarstekkur 25  
 Síki 115  
 Síkiskjafsvað 117  
 Síkiskjafur 116  
 Skágil 69  
 Skeljaháls 132C  
 Skeljalág 143  
 Skeljalágargreni 144  
 Skeljalágarvað 145  
 Skessukatlar 51  
 Skógarhlíð 226  
 Skógarhlíðargil 223  
 Skógarhlíðargreni 230  
 Skógarhlíðarhraun 229  
 Skógarhlíðarstallur 227  
 Skógarholt 141  
 Skollhóll 42  
 Skottugjá 247  
 Skriða 295  
 Skurður 134  
 Slakkabrenna 68  
 Slakki 65  
 Smáhlíðar 214  
 Smalaklettur 86  
 Smiðjuás 94  
 Smiðjuássfoss 96  
 Smiðjuásgil 95  
 Snasavað 119  
 Sneiðingar 74  
 Stefánshellir 256  
 Stekkjargrund 157  
 Stekkjargrundarfoss 159  
 Stekkjarlækur 158  
 Stokkar 282  
 Stokkar 285  
 Stokkar 57

Stokkflatartangi 142  
 Stokkflöt 133  
 Stóragil 200  
 Stóragil 216  
 Stóragilsflöt 215  
 Stóragilshlíð 201  
 Stóraskriða 243  
 Stóriketill 164  
 Stóruskriðugil 242  
 Strengir 122  
 Strútskollur 208  
 Strútstagl 236  
 Strútur 207  
 Suðurbakki 24  
 Suðurfljót 90C  
 Suðurtún 150  
 Sundabrún 20  
 Sundin 16B  
 Surtshellir 251  
 Surtshellisgreni 257  
 Svartihvammur 66  
 Svelti 307  
 Syðra-Sauðafjall 313  
 Syðriborg 63B  
 Sýrholt 135  
 Taglflói 238  
 Taglhnjúkar 237  
 Tagllækur 235  
 Tagltjörn 234  
 Tjaldhóll 140  
 Tjaldsteinn 154  
 Tjörn(in) á hálsinum 271  
 Tjörninn milli Fjallanna 311B  
 Toppsflöt 49  
 Torfabæli 286  
 Tunga 41  
 Tungusporður 89  
 Tungutún 44  
 Tæpagata 190  
 Tæpagata 76  
 Úlfsvatnsvað 277  
 Upp á milli fells og kolls211  
 Upp á milli gilja 61  
 Uppi á Kötlunum 186  
 Uppi í fossum 167  
 Uppsprettur 327  
 Urðartjörn 320B  
 Urðhólmavatn 320  
 Utastasund 17  
 Valdabót 78  
 Valdagil 79  
 Valstrýta 240  
 Veita 160  
 Veitufoss 161  
 Vestribrækur 300  
 Vígishellir 253B  
 Vínartún 26  
 Virkishólaflói 321  
 Virkishólar 322  
 Vopnalág 260  
 Votigeiri 178  
 Votihvammur 195  
 Ytra-Vínartún 27  
 Ytrasund 17B  
 Þinghóll 114  
 Þjófaborg 88  
 Þjófagil 91  
 Þórðarteigur 124  
 Þorvaldsháls 269  
 Þrengsli 231  
 Þrístapafell 305  
 Ögmundarjökull 303

**Svör við spurningum Örnefnastofnunar:**

1. Ekki umfram það sem fram kemur í skránni.
2. Nei.
3. Nei. Sveltið er ekki nein sjálfhelda. Það er gróðurlaust (sandorpið) og þar af kemur nafnið að líkindum.
4. Einungis Eyvindarholu, sjá skrána.
5. Nei. - Engin sögn tengir þau við Hellismenn.
6. Nei, sjá skrána. Nafnið er löngu úr notkun, talið hafa verið nafn á Smiðju-ásnum, en selstaða alls kostar ólíkleg þar.
7. Já. Birki og etv. fjalldrapa líka. Hólminn er í landi Fljótstungu.
8. Já. Vænn birkiskógur.
9. Nei.
10. Nei.

**Svör við spurningum Örnefnastofnunar á öðru blaði:**

1. Á Krókbæjum, sjá skrána. Á líklega helst við eftir að kemur niður á milli bæja, án þess að það sé þó glögglega skilgreint, eða ljóst fyrir mönnum.
2. Nei, sjá skrána.
3. Nei, sjá skrána.
4. Leifar réttar og nátthaga sjást.
5. Það er trúlegt, en ekki í manna minnum.
6. Þar var lögð á lausabré (sjá skrána).
7. Ætli það ekki?
8. Sjá skrána um Árnaskriðu og Þrengsli.
9. Nei. Talið sitt í hvoru númeri þó ekki sé langt á milli. Óbreytt frá fyrri skrá.
10. Nei.
11. Fleirtölumynd, sé nafnið á annað borð nefnt. Þetta mun vera einhver aðkomu-mannanafngift (eignuð Pálma Hannessyni?). Þessir skriðjöklar eru hvort eð er horfnir um sinn, a.m.k. skálmarnar af brókunum.
12. Áin Refsveina er norðan við Fljót, sjá skrána við nr 276.
13. Sjá skrána. Húsfellingar fóru þessa leið til Úlfsvatns.



14. Ekki af jarðhita svo vitað sé, líklega af frostreyk. Þetta er kaldavermslisvatn undan hrauninu og úr slíku vatni rýkur í lognfrosti. Þó verður ekki fullyrt nema enn hafi gætt hita frá hrauninu, þegar menn fóru fyrst að vera hér á stjái.
15. Nautavatn, Fljótadrög (Efridrög, Neðridrög), Stóralág, Kleppar, Köstin, Axlarþúfa, Þorvaldslækur, Litlafljót, Þorvaldsvötn, Arnarsteinn, Þorgeirstjörn, Svínalækur; öll þessi örnefni eru utan núverandi merkja Kalmanstungu, þó mörg hafi verið innan eldri merkja eða á þeim; áður en land var selt undan.

ÖRNEFNASAFEN